

Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga 2017

Skráning í skólann stendur yfir frá 15. mars til 15. apríl. Reglan „fyrstur kemur – fyrstur fær“ gildir við skráningar gegn greiðslu staðfestingargjalds, kr. 40.000 ef inntökuskilyrðum er fullnægt að öðru leyti. Náist ekki ásættanlegur fjöldi á eitthvert námskeiðanna fellur það niður. Aldurstakmark í skólann er 18 ár. Skólinn hefur sett sér reglur, m.a. um umgengni, reykingar og áfengisneyslu, sem nemendur samþykkja að fara eftir á starfstíma skólans.

Starfstími skólans á þessu ári er frá 12. til 20. júní að Reykjaskóla í Hrótafirði

Skólasetning er mánudaginn 12. júní kl. 9.00 og hefjast námskeiðin strax þar á eftir. Nemendur eru velkomnir að Reykjaskóla kvöldið fyrir skólasetningu, frá kl. 20.00, ekki er boðið uppá kvöldverð. Skólaslit eru kl. 12.00 þriðjudaginn 20. júní. Viðurkenningarskjöl og merki skólans verða afhent við skólaslit. Aðstaða í Reykjaskóla: Svefnherbergin eru búin 2 uppbúnum rúmum, þ.e. kodd, sæng, lak og sængurföt fylgja með, litlu borði og tveim stólum. Nemendur hafi með sér handklæði og sundföt. Sundlaug, gufubað og heitir pottar eru á staðnum. Haldið verður lokahóf síðasta kvöldið þar sem fólk klæðir sig uppá, kveður kennarana sína og skemmtir hvert öðru með dansi og söng.

Þátttökugjöld á námskeiðin eru kr. 92.000, Höfundar í heimsókn borga 70.000. Gjaldið skal vera að fullu greitt 10 dögum fyrir skólasetningu. Innifalið í þátttökugjaldi er gisting, matur, kennsla og gögn.

Staðfestingargjald er kr. 40.000. Það greiðist við skráningu og er óendurkræft nema gegn framvísun læknisvottorðs. Hægt er að greiða símléiðis með greiðslukorti.

Meðlimum aðildarfélaga Bandalags íslenskra leikfélaga er bent á að félögin geta sótt um smá styrk til Bandalagsins ef þau senda nemendur í skólann.

Kennarar skólans og starfsfólk:

Skólameistari — Dýrleif Jónsdóttir, dillajons@simnet.is

Skólameistari — Hrefna Friðriksdóttir, hrefnafr@hi.is

Leiklist II — kennari Ágústa Skúladóttir, agustaskula@gmail.com

Leikstjórn Master Class — kennari Rúnar Guðbrandsson, labloki@mmedia.is

Leiklist, sérnámskeið — kennari Þorsteinn Bachmenn, steini@7g.is

Bandalag íslenskra leikfélaga, Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík,
sími 551 6974, netfang info@leiklist.is, veffang www.leiklist.is



Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga

2017

Reykjaskóla í Hrótafirði

12. - 20. júní

Kveðja frá skólanefnd



Kæra leiklistarfólk!

Þá er komið að tuttugasta og fyrsta starfsári leiklistarskólans. Það er mjög gefandi að fá að taka þátt í að móta þetta skólastarf sem hefur hvatt, styrkt, menntað og glatt svo marga. Þetta sumar stöndum við á tímamótum. Við þökkum forsvarsmönnum á Húnavöllum kærlega fyrir lipurt samstarf en jafnframt hlökkum við til að setja skólann í fyrsta sinn að Reykjaskóla í Hrótafirði.

Í sumar verða þrjú námskeið í boði sem öll gera ráð fyrir þekkingu og reynslu nemenda. Ágústa Skúladóttir verður með Leiklist II, framhald af velheppnuðu byrjendanámskeiði sem haldið var í fyrrasumar. Rúnar Guðbrandsson stýrir masterclass námskeiði í leikstjórn og byggir þar ofan á góðan grunn. Þá bjóðum við sérstaklega velkominn nýjan kennara, Þorsteinn Bachmann, sem býður reyndari leikurum upp á námskeið þar sem lögð verður áhersla á sjálfstæði og frumsköpun leikarans.


Auk námskeiðahalds bjóðum við höfundum að dvelja að Reykjaskóla við skapandi skrif. Ekki er um að ræða námskeið eða leiðsögn heldur fá höfundar tíma og frið til að rækta sköpunargáfuna.

Vakin er sérstök athygli á því að skólinn verður settur á mánudagsmorgni að þessu sinni og skólaslit verða á þriðjudegi. Við vonum að sem flestir eigi þess kost að nema og njóta.

Hlökkum til að sjá ykkur – með bestu kveðju,
Hrefna, Dýrleif, Herdís, Hrund og Gísli Björn.



Reykjaskóli er við Hrótafirðir í Húnaþingi vestra. Hann er í 15 km. fjarlægð frá Staðarskála, 17 km. frá Hvammstanga, 178 km. frá Reykjavík, 210 km. frá Akureyri, 620 km. frá Höfn, 348 km. frá Ísafirði og 504 km. frá Egilsstöðum. Á vetrum eru þar reknar skólabúðir fyrir grunnskólabörn. Mikið er af skemmtilegum myndum og öðrum upplýsingum á heimasíðu skólans www.skolabudir.is.



4

Höfundar í heimsókn

Páttökugjald: kr. 70.000

Tími: 12. til 20. júní 2017

Staður: Reykjaskóli

Skráning hefst 15. mars og lýkur 15. apríl

Blundar í þér skáld - ertu að burðast með hugmynd - áttu hálfskrifað handrit - vantar þig lausa stund til að ljúka leikritinu?

Skólinn býður höfundum að dvelja að Reykjaskóla við skapandi skrif eins og svo oft áður. Við teljum að mjög vel hafi tekist til og höfundar notið þess að skapa, skrifa og skemmta sér. Það er okkur því sönn ánægja að endurtaka þetta boð.

Höfundum stendur til boða gisting og fæði með sama hætti og nemendum skólans, þeim ber að fara eftir reglum skólans um umgengni o.fl. og er að sjálfsögðu velkomið að taka þátt í öllu skólastarfi utan hefðbundinna kennslustunda.

Við hvetjum höfunda til að nýta sér þetta tækifæri og lofum því að hinn eini sanni skólaandi verði einstök uppspretta sköpunargleði!

REGLUR UM UMGENGNI

í Reykjaskóla á starfstíma Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga:

Nemendur sjá sjálfir um þrif á sínum herbergjum og gangi að öðru leyti vel um alla sameiginlega aðstöðu, svo sem skólastofur, ganga og salerni.

Reglur íslenskra heimavistarskóla um reykingar og áfengisneyslu gilda hér nema í þeim undan-tekningartilfellum sem skólastýrir ákveða.

Tillit skal taka til þeirra sem fara fyrr að sofa en aðrir á kvöldin. Svefnstygjum skal bent á að eyrnatappar eru þarfaþing þar sem margir ganga um á mismunandi tímum. Munið að ef öllum líður vel næst mesti hugsanlegi árangur í starfi og leik!

Skólastýrir tvær verða nemendum og kennurum til aðstoðar alla vikuna. Hikið ekki við að leita til þeirra ef eitthvað amar að. Þær heita Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir.

Ef þið eigið von á gestum í skólann sem þurfa mat eða gistingu skal skilyrðislaust fá leyfi hjá skólastýrum og starfsfólki skólans og er sá sem gestinn fær jafnframt ábyrgur fyrir greiðslum vegna þessa.

Leiklist II – Grunnnámskeið Kennari Ágústa Skúladóttir

1

Páttökugjald: kr. 92.000

Tími: 12. til 20. júní 2017

Staður: Reykjaskóli

Skráning hefst 15. mars og lýkur 15. apríl

Ágústa Skúladóttir stundaði nám í París og London og var um tíma fastráðinn leikstjóri hjá Þjóðleikhúsinu. Hún hefur einnig unnið mikið með sjálfstæðum leikhópum, áhugaleikfélögum og Íslensku Óperunni. Sýningar sem hún hefur leikstýrt hafa verið valdar til þess að fara á leiklistarhátíðir víða um heim, t.d. til Mónakó, Litháen, Suður Kóreu, Lettlands og víðar. Sýningar Ágústu í atvinnuleikhúsum hafa fengið fjölda tilnefninga til Grímuverðlaunanna og tvær þeirra, Klaufar og kóngsdætur (2005) og Bólu-Hjálmar (2009) hlutu Grímuna sem barnasýning ársins. Síðustu stóru uppsetningar Ágústu eru Lína langsokkur í Borgarleikhúsinu, Óldin okkar með Hund í óskilum hjá L.A., Ubbi kóngur hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar, Rakarinn í Sevilla í Íslensku Óperunni og Umhverfis jörðina á 80 dögum í Þjóðleikhúsinu. Ágústa hefur kennt við ýmsa skóla, t.d. Leiklistarskóla Færeyja og Listaháskóla Íslands. Þetta er í ellefta sinn sem Ágústa kennir við skólann.



Námskeiðið er framhaldsnámskeið fyrir leikara og ætlað þeim sem sótt hafa Leiklist I eða sambærileg námskeið. Þeir sem sótt hafa Leiklist I og hafa ekki áður sótt Leiklist II ganga fyrir.

Námskeiðið byggir á þeim grundvallarþáttum sem voru uppistaðan á Leiklist I; útgeislun og léttleika leikarans, samspili við meðleikara og áhorfendur og samvinnu í hópi, en að þessu sinni verður gengið lengra í að rannsaka þá umbreytingu sem á sér stað þegar unnið er með sama leiktextann í mismunandi leikstílum.

Þátttakendur munu fá sendar fyrirfram tveggja manna senur úr klassískum leikritum (Shakespeare/ Chekov, nánar tilkynnt síðar), sem þeir þurfa að kunna utanbókar en HLUTLAUST áður en skóli hefst. Síðan munum við kanna hvaða áhrif mismunandi still hefur á merkingu og innihald hverrar senu. Hvað gerist þegar sena er leikin dramatískt? Eða tragikómískt? Melódramatískt? Hvernig fara tveir búffonar með senuna? Eða tveir trúðar? Einnig verður litið á hvernig kórinn, þ.e. allir hinir, geta mynd- og hljóðskreytt leiksenuna, hvernig virkar hún best? Með einum söngvara, þremur eða stórum hópi?

Eins og fyrr byggist þetta námskeið á mikilli virkni allra þátttakanda sem þora að taka áhættu, prófa og mistakast, prófa og takast og vera stöðugt á tánum!

**Umsóknnum ásamt staðfestingargjaldi skal skila fyrir 15. apríl til Bandalags ísl. leikfélaga á netfangið info@leiklist.is.
Skráning hefst 15. mars.**

**Umsóknnum ásamt staðfestingargjaldi skal skila fyrir 15. apríl til Bandalags ísl. leikfélaga á netfangið info@leiklist.is.
Skráning hefst 15. mars.**

2

Leikstjórn – Sérnámskeið, Master Class Kennari Rúnar Guðbrandsson

Páttökugjald: kr. 92.000

Tími: 12. til 20. júní 2017

Staður: Reykjaskóli

Skráning hefst 15. mars og lýkur 15. apríl



Rúnar Guðbrandsson nam fyrst leiklist í Danmörku og starfaði þar sem leikari um árabíl, með ýmsum leikhópum. Frekari þjálfun hlaut hann m.a. hjá Odin leikhúsinu í Holsterbro, hjá leikhópi Jerzy Grotowskis í Wrocław í Póllandi, Dario Fo á Ítalíu, Jury Alschitz í Kaupmannahöfn og víðar, og Anatoly Vasiliev í Moskvu. Rúnar lauk MA og MPhil gráðum í leiklistarfræðum og leikstjórn frá De Montfort háskólanum í Leicester á Englandi og hefur lokið fyrri hluta doktorsnáms í fræðunum. Hann hefur leikstýrt fjölda leiksýninga héraendis og erlendis og fengist við leiklistarkennslu og þjálfun leikara víða í Evrópu. Rúnar var fyrsti prófessor í leiktúlkun við Listaháskóla Íslands. Hann hefur rekið leiksmiðjuna Lab Loka síðan 1992, stjórnað þjálfun hópsins og stýrt flestum verkefnum hans héraendis og erlendis. Hann hefur auk þess fengist við ýmis konar tilraunastarfsemi á vettvangi kvikmynda og gjörningalista. Hann gegnir í dag stöðu deildarforseta leikistardeildar Kvikmyndaskóla Íslands. Þetta er í níunda sinn sem Rúnar kennir við skólann.

Master Class í leikstjórn sem byggir á Leikstjórn I og II.

Námskeið þetta verður jöfnum höndum fræðilegt og verklegt. Útgangspunkturinn er aðferð sem kennarinn hefur þróað með sér gegnum tíðina og sækir fyrst og fremst innblástur í ævistarf Konstantins Stanislavskys, bæði hina „vitsmunalegu greiningu“ sem Stanislavsky þróaði framan af ferli sínum og „aðferð líkamlegra gjörða“ sem hann vann að er hann féll frá. Fleiri áhrifavaldar svífa þó yfir vötnunum og í fyrirlestrum verður fjallað um ýmsa strauma og stefnur í leikstjórn síðustu aldar. Þríeykið Stanislavsky, Brecht og Grotowski verða þar í brennidepli og meðul þeirra skoðuð í sambandi við tilganginn. Aðferðafræði, hugmyndafræði og fagurfræði ólíkra leikstjóra verða vegnar og metnar og bornar saman við „aðferð“ námskeiðsins.

Eftir að skráningu lýkur verða öllum þátttakendum send leikverk til skoðunar og verkefni til að íhuga og leysa áður en námskeiðið hefst, þannig að ákveðins undirbúnings verður krafist. Kennsla fer fram með ýmsum hætti; fyrirlestrar, umræður, verklegar æfingar, einstaklings verkefni, hópverkefni, o.s.frv.

Brettið upp ermar og spýtið í lófa.

Umsóknum ásamt staðfestingargjaldi skal skila fyrir 15. apríl til Bandalags ísl. leikfélaga á netfangið info@leiklist.is. Skráning hefst 15. mars.

Leiklist – Sérnámskeið Kennari Þorsteinn Bachmann

3


Páttökugjald: kr. 92.000

Tími: 12. til 20. júní 2017

Staður: Reykjaskóli

Skráning hefst 15. mars og lýkur 15. apríl

Þorsteinn Bachmann útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands árið 1991 og hefur síðan leikið á fjórða tug hlutverka í leikhúsi, meðal annars hjá Þjóðleikhúsinu, Leikfélagi Akureyrar, Leikfélagi Reykjavíkur, Alþýðuleikhúsinu og ýmsum atvinnuleikhópum. Þorsteinn hefur leikið hátt í 50 hlutverk í sjónvarpi og kvikmyndum á síðastliðnum árum, meðal annars í sjónvarpsþáttunum Ófærð, Pressu 1, 2 og 3 á Stöð 2 og í kvikmyndunum Veðramótum, Vonarstræti, Óróa og Á annan veg. Hann hlaut Edduverðlaunin fyrir þrjár síðastnefndu kvikmyndirnar. Hann hefur einnig fengist töluvert við leikstjórn og var leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar um skeið. Þorsteinn hefur haldið fjölda námskeiða í leiklist og kennt bæði við Leiklistarskóla Íslands og Kvikmyndaskóla Íslands. Þetta er í fyrsta sinn sem Þorsteinn kennir við skólann.



Námskeiðið er ætlað þeim sem: 1. Hafa sótt Leiklist I og II í Leiklistarskóla BÍL eða sambærileg grunnnámskeið ásamt því að hafa einhverja reynslu af leiklist. 2. Hafa umtalsverða reynslu af leiklist.

Áhersla verður lögð á sköpun í gegnum innsæi og andagift. Markvisst verður unnið að því að efla sjálfstæði og frumsköpun leikarans. Unnið verður með list augnabliksins í gegnum núvitund og virkt ímyndunarafl.

Nemendur vinna með tveggja til þriggja manna senur sem sýndar eru í lok námskeiðs. Aðaláhersla er á aðferðafræði Michael Chekhov. Þá verða helstu aðferðir Sanford Meisner einnig kynntar til leiks ásamt status vinnu í anda Keith Johnstone.

Umsóknum ásamt staðfestingargjaldi skal skila fyrir 15. apríl til Bandalags ísl. leikfélaga á netfangið info@leiklist.is. Skráning hefst 15. mars.